



Borgarráð

Tillaga um reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum

Lagt er til að meðfylgjandi tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 9. nóvember 2020, um reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, verði samþykkt. Markmið reglnanna er að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins. Áætlaður kostnaður nemur 214.838.000 kr. á árinu 2020-2021 og er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsvið um reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, dags. 9. nóvember 2020, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2020
VEL2020090002

Tillaga sviðsstjóra um reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum

Meðfylgjandi sendist tillaga sviðsstjóra um reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, sem óskað er eftir að verði tekin til afgreiðslu á fundi borgarráðs.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Jafnréttisskimun.



Tillaga

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Lagt er til að borgarráð samþykki framlagðar reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum. Áætlaður kostnaður nemur 214.838.000 kr. á árinu 2020-2021 og er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins.

Greinargerð:

Í maí 2020 samþykktu stjórnvöld frumvarp til fjárukalaga sem m.a. fól í sér að verja 600 m.kr. í styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn gætu óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Samþykktin var hluti af umfangsmiklum aðgerðum og viðbrögðum stjórnvalda til að mæta efnahagslegum afleiðingum af völdum COVID-19 heimsfaraldursins. Í september 2020 gaf félagsmálaráðuneytið út leiðbeiningar til að samræma úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum en það var svo hlutverk sveitarfélaganna að setja sérstakar reglur um styrkina. Fram kom að styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Eftirfarandi skilyrði voru m.a. sett fyrir styrknum:

- Íþróttá- og tómstundastyrkur er greiddur vegna barna með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020
- Styrkurinn er kr. 45.000 fyrir hvert barn fætt á árunum 2005-2014 og skal nýttur til að auka jöfnuð til íþróttá- og tómstundastarfs. Gert er ráð fyrir að verklag viðkomandi sveitarfélags um styrki til frístundastarfs verði haft til viðmiðunar s.s. styrknum sé ráðstafað til niðurgreiðslu á íþróttum og tómstundum en ekki til kaupa á vörum.

Meðfylgjandi eru reglur velferðarsviðs um íþrótt- og tómstundastyrki, sbr. tilmæli félagsmálaráðuneytisins. Í reglunum er íþrótt- og tómstundastarf túlkað til samræmis við reglur um Frístundakort Reykjavíkurborgar. Styrkurinn er þó ekki ætlaður til greiðslu frístundaheimila eða sumarnámskeiða þannig að þau eru undanskilin. Í reglunum eru leiðbeiningar til umsækjanda en í 3. gr. kemur fram að umsókn skuli gera með rafrænum hætti í gegnum Ísland.is og/eða á vef Reykjavíkurborgar. Staðfesta skuli rafræna umsókn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli umsækjanda. Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2021. Til þess að hægt sé að ljúka greiðslu vegna styrks samkvæmt reglum þessum skal framvísa kvittun/reikningi vegna íþrótt- og tómstundastarfs frá aðildarfélagi Frístundarkortsins fyrir 1. maí 2021.

Í 3. kafla reglnanna eru málsmeðferðarákvæði þar sem meðal annars er kveðið á um að umsækjandi geti óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun eða óskað eftir að hún sæti endurskoðun áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar, sem svo er hægt að bera undir úrskurðarnefnd velferðarmála.

Ríkið greiðir sveitarfélögum fjármagn á grundvelli fyrirliggjandi tölfræðiupplýsinga sem sýna fjölda grunnskólabarna sem falla undir viðmiðin í hverju sveitarfélagi. Útgreiðsla fjárhæðarinnar miðar við þá forsendu að öll börn sem eiga rétt á styrknum nýti hann. Í Reykjavík er um að ræða 4.774 börn og heildarupphæð er því um 215 m.kr. Gert er ráð fyrir að bæta þurfi 2-3 stöðugildum við rafrænt þjónustuteymi velferðarsviðs í 6 mánuði til að afgreiða styrkumsóknir en störfin eru mönnuð í gegnum sérstakt vinnumarkaðsúrræði sem Reykjavíkurborg starfrækir í samstarfi við Vinumálastofnun vegna COVID-19.

Fylgiskjöl:

-Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

-Jafnréttisskimun dags. 5. nóv. 2020.

Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómslundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum

I. kafli Almennt

1. gr.

Markmið og grundvöllur

Markmið reglna þessara er að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómslundir, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Reglur þessar byggjast á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins sem gefnar voru út til að samræma úthlutun sérstakra íþróttá- og tómslundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

II. kafli Umsókn og skilyrði

2. gr.

Styrkur vegna íþróttá- og tómslundastarfs

Miða skal við að íþróttá- og tómslundaiðkun fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Styrkur vegna kostnaðar við íþróttá- og tómslundastarf á skólaárinu 2020-2021 getur numið allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Styrkir samkvæmt reglum þessum skulu veittir í samræmi við þau skilyrði sem gilda um Frístundakort Reykjavíkurborgar, sbr. reglur um Frístundakort sem samþykktar voru á fundi íþróttá- og tómslundaráðs Reykjavíkur þann 3. febrúar 2017. Þó eru frístundaheimili og sumarnámskeið undanskilin. Einungis skal veita styrki samkvæmt reglum þessum vegna íþróttá- og tómslundastarfs hjá þeim samtökum sem eru viðurkenndir aðilar að Frístundakorti Reykjavíkurborgar, sbr. fyrrgreindar reglur.

3. gr.

Umsókn

Umsókn skal gerð með rafrænum hætti í gegn um Ísland.is og/eða á vef Reykjavíkurborgar. Staðfesta skal rafræna umsókn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli umsækjanda. Ekki er gerð krafa um undirritun þegar umsókn er gerð með rafrænum hætti.

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2021.

4. gr.

Skilyrði

Til þess að eiga rétt á styrk vegna íþróttá- og tómstundastarfs samkvæmt reglum þessum þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- a. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
- b. Barn umsækjanda skal fætt á árunum 2005 til 2014 og eiga lögheimili hjá umsækjanda.
- c. Barn umsækjanda skal eiga lögheimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Til þess að hægt sé að ljúka greiðslu vegna styrks samkvæmt reglum þessum skal framvísa kvittun frá aðildarfélagi Frístundakorts Reykjavíkurborgar fyrir 1. maí 2021. Í kvittun skal koma fram nafn og kennitala viðkomandi barns, hvaða íþróttá- og tómstundastarf er um að ræða, dagsetning og upphæð.

III. kafli

Málsmeðferð og gildistaka

5. gr.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og málsmeðferðarreglur í V. kafla reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, eftir því sem við á.

6. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

8. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Áfrýjunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

9. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í VI. kafla laga um félagsþjónustu, nr. 40/1991, og byggjast á leiðbeiningum sem gefnar voru út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþrótta- og tómskundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda til 10. júní 2021.

Fylgiskjal:

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um sérstaka íþrótta- og tómskundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021.

Leiðbeiningar

fyrir sveitarfélög um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

Í fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sveitarfélög setja sérstakar reglur um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

1. gr.

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skulu sveitarfélög greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

2. gr.

Íþrótt- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn til sveitarfélags. Umsókn skal berast fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn hjá sveitarfélagi kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. reglnanna, ásamt leiðbeiningum um næstu skref. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða aðgengileg sveitarfélögum á þar til gerðri vefsíðu (bakendakerfi) með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir sækir umsækjandi um styrkinn hjá sveitarfélagi. Sveitarfélag tekur ákvörðun um úthlutun styrks á grundvelli umsóknar að fengnum gögnum um kostnað umsækjanda við íþrótt- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020.

3. gr.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild, fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	5. nóv. 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/ Bryndís Eva Sverrisdóttir
Verkefni/tillaga:	Lagt er til að velferðarráð samþykki framlagðar reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.
Þjónustubáttur:	Börn og fjölskyldur
Kostnaðarstaður:	01292
Fjárhæð:	Áætlaður kostnaður nemur 214.838.000 kr. á árinu 2020-2021 og er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að borgarráð samþykki framlagðar reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum. Reglurnar byggja á samþykkt stjórnvalda frá því í maí 2020 um að verja 600 m.kr. í styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómsundir. Í september 2020 gaf félagsmálaráðuneytið út leiðbeiningar til að samræma úthlutun sérstakra íþrótt- og tómsundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Fram kom að styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Sveitarfélögum var gert að setja sérstakar reglur um íþrótt- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Íþrótt- og tómsundastyrkur er greiddur vegna barna með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020. Tillagan mun því auka jöfnuð allra barna til íþrótt- og tómsundastarfs. Þá er tillögunni ætlað að taka jafnt til allra kynja. Ástæða er til að meta hvort svo hafi orðið raunin þegar umsóknafresti er lokið.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Styrkurinn er fyrir hvert barn fætt á árunum 2005-2014 og skal nýttur til að auka jöfnuð til íþrótt- og tómsundastarfs. Í Reykjavík er um að ræða 4.774 börn.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan stuðlar að því að auka jöfnuð til íþrótt- og tómsundastarfs, óháð kyni.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?¹
Já.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.